



Allsherjar- og menntamálanefnds Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 3. febrúar 2015
Tilvísun: 201412-0002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um bættu hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði

Mannvirkjastofnun vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um bættu hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði. Stofnunin þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið og biðst velvirðingur á að umsögn er send að liðnum fresti.

Góð hljóðvist og lítill erilshávaði í kennsluhúsnæði eru afar mikilvæg til að stuðla að því að nemendur nái hámarks námsárangri, líði vel og verði ekki fyrir heilsuskaða. Mannvirkjastofnun telur þarft að farið verði yfir þetta málefni og komið með tillögur til úrbóta ef nauðsynlegt reynist. Stofnunin styður því þær tillögur sem fram koma í þingsályktunartillögunni.

Við endurskoðun byggingarreglugerðar nr. 112/2012 var hljóðvist í umhverfi barna sérstaklega tekin til skoðunar og gerðar úrbætur á reglugerðinni í þessu skyni. Reglugerðin nær hins vegar einungis til nýbygginga og felur því ekki í sér kröfur til eldra húsnæðis. Í 11. hluta reglugerðarinnar er gerð karfa um að við hönnun nýbygginga skuli fara eftir hljóðvistarflokk C í ÍST 45, þar sem gerð notendasvæða er flokkuð meira niður en gert var í eldri byggingarreglugerð. Byggingarreglugerð felur einungis í sér lágmarkskröfur og möguleiki er að gera betur með því að fyrirskrifa hljóðvistarflokk B eða A, þar sem hljóðvistarflokkur A felur í sér mestu kröfurnar varðandi hljóðvist og D þær minnstu (D hljóðvistarflokkur gildir fyrir þegar byggt húsnæði).

Ítarlegar leiðbeiningar um hljóðvistarhluta byggingarreglugerðar voru útgefnar af Mannvirkjastofnun um mitt ár 2014. Þá átti stofnunin samstarf við Umhverfisstofnun um útgáfu leiðbeininga um hljóðvist í umhverfi barna árin 2012 og 2013. Jafnframt styrkti stofnunin útgáfu fræðslurits Sambands íslenskra sveitarfélaga og kennarasambandsins, sem ber heitið Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun, sem kom út seinnihluta árs 2014.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannvirkjastofnunar


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur